

Ed.

677. Frumvarp til laga

[201. mál]

um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Veita má Sambandi islenskra samvinnufélaga og Reykjavíkurbæ, öðrum aðila eða báðum, leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði úr nautum af hreinræktuðum holdakynjum og mjólkurkynjum til þess að kynbæta hinn innlenda nautgripastofn til kjötframleiðslu og mjólkurframleiðslu.

2. gr.

Leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði samkvæmt 1. gr. skal bundið þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi aðili stofni eða reki bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur og setji á stofn sóttvarnarstöð í sambandi við húið. Þar skulu viðhafðar fullkomnar varúðar- og sóttvarnarráðstafanir í öllum greinum. Skal rekstri búsinns og einangrun að öllu leyti hagað svo sem fyrir er mælt í 4.—10. gr. laganna.

Á meðan ríkið hefur ekki reist sérstaka sóttvarnarstöð, skal sóttvarnarstöð sú, er hér greinir, taka að sér hlutverk hennar samkvæmt samningi við ríkisstjórnina.

3. gr.

Heimild þá, sem felst í lögum þessum, má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar skulu samþykkja val nautgripakynja þeirra, sem inn eru flutt eða sæði er flutt inn úr, svo og val hinna innlendu nautgripa, sem notaðir eru til kynblöndunarinnar.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Tilraunaráðs búfjárræktar með samþykki yfirdýralæknis. Skal þar setja greinileg ákvæði um rekstur sóttvarnar- og kynblöndunarbusins, svo og um hvenær og á hvern hátt má flytja þaðan sæði og búpening til frekari kynbóta annars staðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.